

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Reitur 1.181.0 vegna Týsgötu 8A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 31. mars 2017, breytingu á deiliskipulagsskilmálum fyrir staðgreinireit 1.181.0 vegna Týsgötu 8. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grjótháls 1-3 og 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 29. mars 2017, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðanna nr. 1-3 og 5 við Grjótháls. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreitum beggja lóða vegna sorpskýla ofanjarðar á lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.174.0, Landsbankareitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 26. apríl 2017, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, Landsbankareits, vegna lóðanna nr. 88A, 92 og 94-96 við Hverfisgötu sem felst í að lóð Hverfisgötu 92 stækkar og lóð Hverfisgötu 94-96 minnkar á móti, bindandi byggingarlína bakgarðsmegin er fjarlægð við lóðarmörk Hverfisgötu 92 og Hverfisgötu 94-96, sams konar bindandi byggingarlína er stytt milli Hverfisgötu 88A og 92, stækkaðir eru byggingarreitir á lóð Hverfisgötu 88, byggingarreitur á Hverfisgötu 92 (bakhús) stækkar um 1 metra til vesturs, göngukvöð um inngarð er fjarlægð og sérafnotareitur norðan bakhúss Hverfisgötu 92 afnumin. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 29. maí 2017.

Björn Axelsson.